

20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970. Þá skulu a- og b- liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

22. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

23. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togarafla.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða $\frac{2}{3}$ hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

Gjört í Reykjavík, 16. september 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.